

6. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 1.11. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson og Helgi Gíslason sveitastjóri. Lárus Heiðarsson boðaði forföll, 1. varamaður Urður Gunnarsdóttir er erlendis og 2. varamaður mætti Guðni Jónsson. Einnig sátu fundinn Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi undir 1. lið og Jónas Hafþór Jónasson byggingarstjóri undir 2. lið.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2023-fyrri umræða
2. Samningur um byggingu þjónustuhúss við Hengifoss-annar áfangi
3. Fögur framtíð
4. Ársalir stofnframlög
5. Samningur um rekstur umdæmisráðs barna
6. Fundargerðir:
 - a. Byggingar-og skipulagsnefndar 19.10.2022
 - b. Umhverfis-og loftslagsnefndar 10.10.2022
 - c. Almannaþingarnefndar 6.10.2022
 - d. Ársala 6.10.2022
 - e. Ársala 17.10.2022
 - f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28.9.2022
 - g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12.10.2022
 - h. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 19.9.2022
 - i. Minjasafns Austurlands 1.9.2022
7. Minjasafn Austurlands-fjárhagsáætlun 2023
8. HAUST:
 - a. Ársreikningar HAUST 2021
 - b. áætlað framlag sveitarfélaga 2023
 - c. tillaga að gjaldskrárbreytingum
 - d. fjárhagsáætlun 2023
9. Erindi frá Hestamannafélaginu Freyfaða
10. Erindi frá Leikfélagi Fljótsdalshéraðs
11. Fljótsdalsgrund:
 - a. Kostnaðaráætlun um viðhald
 - b. Fundargerð um viðhald
 - c. Bréf um viðhald
12. Skýrsla sveitarstjóra
13. Önnur mál:

1. Fjárhagsáætlun 2023-fyrri umræða.

Sigurður Álfgeir Sigurðarson fór yfir og útskýrði forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2024-2026.

Að loknum umræðum var lögð fram eftirfarandi bókun: Sveitarstjórn samþykkir til síðari umræðu framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2023, ásamt þriggja ára áætlun 2024 – 2026.

Jafnframt var samþykkt að sveitarstjórnarmenn skili inn ábendingum til sveitarstjóra er varða

breytingar á fjárhagsáætluninni fyrir lok dags 15.11.2022. Vinnufundur verður miðvikudaginn 16. nóvember kl. 10:30.

Haldinn verður kynningarfundur miðvikudaginn 9. nóvember kl. 17:00 fyrir íbúa um fjárhagsáætlun fyrir 2023 og 3 ára áætlun (2024- 2026), sveitarstjóra falið að auglýsa fundinn. Sigurður Álfgeir yfirgaf fundinn kl. 15:10.

2. Samningur um byggingu þjónustuhúss við Hengifoss-annar áfangi.

Jónas Hafþór Jónsson frá Verkráði kynnti verksamninginn. Samið hefur verið við Austurbygg sem verktaka og sjá þeir um frágang eftir að MVA hefur lokið uppsteypu. Samningur og verklýsing er á BIM verkfræðivef dagsett 17. desember 2021. Verktaki skuldbindur sig til að ljúka vinnu á byggingarstað eigi síðar en 23. júní 2023. Oddviti bar upp samninginn og var hann samþykktur með öllum atkvæðum. Oddvita falið að undirrita samninginn í upphafi íbúafundar miðvikudaginn 2. nóvember kl: 17:00.

3. Fögur framtíð

Oddviti og sveitarstjóri leituðu til Sigurborgar Hannesdóttur hjá ILDI vegna áforma um að halda samfélagsþing í Fljótsdal, við tímamót verkefnisins „Fögur framtíð í Fljótsdal“ (FFF). Sigurborg hefur sent inn minnisblað með tíma- og kostnaðaráætlun dagsett 30.okt.2022 sem gerir ráð fyrir tveggja daga samfélagsþingi í lok febrúar á næsta ári. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að semja við Sigurborgu Hannesdóttir (ILDI) á grundvelli umræðna.

4. Ársalir stofnframlög

Afgreiðslu frestað.

5. Samningur um rekstur umdæmisráðs barna.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir að taka þátt í umdæmisráði barnaverndar á landsvísu og felur sveitarstjóra að ganga frá aðild Fljótsdalshrepps að verkefninu.

6. Fundargerðir:

a. Byggingar-og skipulagsnefndar 19.10.2022

Fundagerðin fjallar um deiliskipulag á byggðarkjarna í landi Hjarðarbóls sem er í vinnslu. Sveitarstjórn fagnar því að skipulagsnefnd ætlar að halda kynningarfund fyrir íbúa á næstunni. Samþykkt var að taka tilboði frá Sagnabrunni kr. 454.495 m/vsk um skráningu fornminja að Hjarðarbóli.

Samþykkt var að fá hættumat frá Veðurstofu Íslands vegna deiliskipulags að Víðivöllum ytri 1, áætlaður kostnaður kr. 600.000 m/vsk.

b. Umhverfis-og loftslagsnefndar 10.10.2022 - kynnt

c. Almannaþingarnefndar 6.10.2022 - kynnt

d. Ársala 6.10.2022 - kynnt

e. Ársala 17.10.2022 - kynnt

f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28.9.2022 - kynnt

g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12.10.2022 - kynnt

h. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 19.9.2022 - kynnt

i. Minjasafns Austurlands 1.9.2022 - kynnt

7. Minjasafn Austurlands-fjárhagsáætlun 2023

Sveitastjórn samþykkir framlag kr. 919.732 (2,75%)

8. HAUST:

- a. Ársreikningar HAUST 2021 - kynnt
- b. áætlað framlag sveitarfélaga 2023 - kynnt, framlag Fljótshrepps samþykkt kr. 1.580.570
- c. tillaga að gjaldskrárbreytingum - kynnt
- d. fjárhagsáætlun 2023 - kynnt.

Sveitastjórn lýsir áhyggjum yfir því að verkefnum HAUST séu að færast úr fjórðungnum til höfuðborgarinnar og valda fækkunar á stöðugildum hjá HAUST.

Fljótshreppur og Vopnafjarðahreppur eiga sameiginlega einn fulltrúa í stjórn HAUST. Vopnfirðingar skipa aðalfulltrúann en sveitarstjórn Fljótshrepps skipa varafulltrúa sem verður Guðni Jónsson.

9. Erindi frá Hestamannafélaginu Freyfaxa

Tillaga um að vísa erindinu til fjárhagsáætlunargerðar.

10. Erindi frá Leikfélagi Fljótshéraðs

Samþykkt að veita styrk kr. 50.000

11. Fljótshreppsgrund:

- a. Kostnaðaráætlun um viðhald - Kynnt.
- b. Fundargerð um viðhald - Kynnt
- c. Bréf um viðhald

Sveitastjórn þakkar Sigríði Huld Stefánsdóttur bréf dags. 7. ágúst 2022. Sveitastjóra falið að finna hvað veldur tilfærslu hússins með fagaðila.

12. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitastjórn ákvað að fela byggingar og skipulagsnefnd að afmarka lóð í kringum Fljótshreppsgrund, þar sem fyrirhugað er að setja eignina á sölu áður en leigusamningi lýkur 31. des 2023.

Sagt frá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var í Reykjavík í lok september.

Sagt frá Spánarferð Fljótshreppsinga að skoða vindmyllugarða sem farin var seinnipartinn í október. Stefnt er á upplýsingafundi íbúa þann 22. nóvember.

13. Önnur mál:

Ágóða hluti Fljótshrepps frá EBÍ kr. 20.500. Kynnt

Erindi frá Baldri Sigurðssyni. Óskað er eftir framlengingu á umhverfisstyrk frá 2020 um eitt ár. Erindinu er hafnað.

Íbúum er bent á að samkv. 6. gr reglna um Umhverfisstyrki þá gilda 2 ár frá lokum þess árs sem umsóknin var samþykkt.

Sveitastjóri kynnti fund með Snæfellsstofu vegna aukins kostnaðar landvörslu við Hengifoss. Óskað er eftir kynningu Vatnajökulspjóðgarðs á starfsemi ársins vegna landvörslu við austursvæðið.

Fyrirspurn um hvort sveitarfélagið eigi að kosta björgunarbúnað til að bregðast við skógareldum, Kjartan ætlar að fá kostnaðaráætlun fyrir fjárhagsáætlunina.

N4 hafði óskað eftir styrk vegna þáttanna Að austan og var ákveðið að veita sama styrk og síðast kr. 125.000

Fundi slitið klukkan kl. 20:05

Halla ritaði fundargerðina í tölvu

Anna Jóna Árnarsdóttir

Guðni Jónsson

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson